



Hreppsnefnd 21.06.04

Hreppsnefndarfundur mánudaginn 21. júní 2004 kl. 16.00 í Miklagarði. Mættir voru: Emil Sigurjónsson, Aðalbjörn Björnsson, Borghildur Sverrisdóttir, Halldóra Sigríður Árnadóttir, Sigurveig Róbertsdóttir, Björn Halldórsson og Steindór Sveinsson

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 27. maí sl.

Sveitarstjóri tók til máls undir 1. tl. fundargerðarinnar og kynnti svofellda tillögu að ályktun um lögreglumál á Vopnafirði:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps vill af gefnu tilefni fara fram á það við dóms-og krirkjumálaráðuneytið að nú þegar verði ráðið í annað stöðugildi hjá lögreglunni á Vopnafirði. Um allnokkurt skeið hafa lögreglumál á í Vopnafirði og Bakkafirði verið í algerum ólestri, bæði hvað varðar bílamál og mönnun lögreglunnar. Í dag er ráðið í eitt stöðugildi lögreglumanns á þessu svæði og veikinda og sumarafleysingar hafa verið leystar með því að gefa síma lögreglunnar yfir á Egilsstaði. Þetta er algerlega ófullnægjandi þjónusta á svo víðfeðmu svæði sem nær frá Gunnólfsvíkurfjalli við Finnaþjórd um Vopnafjörð til Egilsstaða, en sem kunnugt er eru fjarlægðir milli þessara staða vel á annað hundrað kílómetrar og um erfiða fjallvegi að fara. Umsvifalaust þarf að ráða bót á þessu ástandi.

Bílamál hafa einnig verið í ólestri, jafnvel komið fyrir að enginn bíll sé á svæðinu og oftsinnis er notast við ómerktan bílaleigubíl.

Það sér hver sem sjá vill að þjónusta af þessu tagi er ekki boðleg.”

All nokkur umræða var um þessi mál og voru fundarmenn einhuga um að bæta þyrfti úr þessari þjónustu hið snarasta.

Fyrirliggjandi ályktun var síðan samþykkt samhljóða með 7 atkv.

Sveitarstjóri kvaddi sér og hljóðs undir 6. tl. fundargerðar hreppsnefndar frá 27. maí sl., þar sem fjallað var um bréf Norður-Héraðs dags 4. maí sl., varðandi brunavarnir. Kynnti hann svofellda tillögu að afgreiðslu málsins:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps lýsir furðu sinni á samþykkt Norður-Héraðs frá 26. apríl sl., þar sem samþykkt er að taka ekki þátt í frekari viðræðum um sameiningu slökkviliða á Norðursvæði Austurlands.

Allt frá árinu 2000 hafa sveitarfélögin Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðahreppur, Norður-Hérað, Fellahreppur, Fljótaldshreppur, Austur-Hérað og Seyðisfjörður unnið að hugmyndum að möguleikum á mótun á nýju sveitarfélagi á norðursvæði Austurlands og eða eflingu samstarfs milli þessara sveitarfélaga. Ómældur tími og verulegir fjármunir hafa runnið til þessa verkefnis.

Á fjölmörgum fundum, þar sem fjallað hefur verið um möguleika á auknu samstarfi hafa fulltrúar þessara sveitarfélaga verið sammála um að vinna að stofnun á sameiginlegu slökkviliði á öllu þessu svæði. Í því sambandi var samþykkt að láta fyrirtækið Deloitte og Touche vinna skýrslu um mögulega aðferðafræði við sameiningu slökkviliða á svæðnu. Skýrsla þessi liggur nú fyrir og enn er unnið að útfærslu mála. Það skítur því skökku við að Norður-Hérað skuli á þessu stigi málsins kljúfa sig frá málinu með þeim hætti sem fram kemur í ofangreindri samþykkt.”

Nokkrar umræður urðu um fyrirliggjandi tillögu og var hún síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Fundargerð hreppsnefndar frá 27. maí sl., var síðan samþykkt í heild sinni með 7 atkv.

2. mál Fundargerð hafnarnefndar frá 11 júní sl.

Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 3. tl fundargerðarinnar "Drög að verksamningi um dýpkun". Gerði hann grein fyrir fyrirbyggjandi drögum og lagði til að hreppsnefnd samþykkti tillögu hafnarnefndar um að undirrita verksamninginn.

Hreppsnefnd samþykkti framkomna tillögu og fundargerðina að öðru leyti með 7 atkv.

3. mál Fundargerð ferlinefndar frá 3. júní sl.

Nokkrar fyrirspurnir voru um liði í fundargerðinni varðandi m.a. aðgengi fatlaðra að Hótel Tanga og Heilsugæslu Vopnafjarðar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar

4. mál. Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps og stofnana 2003-Fyrri umræða- Ársreikningum verður dreift á fundinum.

Sveitarstjóri lagði fram reikningana og skýrði þá og svaraði framkomnum fyrirspurnum. Lagði hann síðan til að ársreikningunum yrði vísað til síðari umræðu.

Oddviti Emil Sigurjónsson fór síðan nokkrum orðum um reikningana og skýrði helstu þætti þeirra. Björn Halldórsson óskaði eftir því að áritun skoðunarmanna á ársreikningana lægi fyrir á reikningunum fyrir síðari umræðu, þá gagnrýndi hann mismun á ársreikningi og fjárhagsáætlun ársins 2003. Taldi hann nauðsynlegt að fá skýringar á þessum mismun. Oddviti og Varaoddviti ræddu ýmsa þætti í rekstri sveitarfélagsins og kostnað svo sem við ýmis verkefni sem sveitarfélagið hefur þurft að fjármagna á árinu 2003. Einnig bentu þeir á að formleg endurskoðun fjárhagsáætlunar hefði ekki verið gerð á árinu.

Síðan var samþykkt með 5 atkv. að vísa ársreikningunum til síðari umræðu.

5. mál Kjörskrá Vopnafjarðarhrepps, vegna forsetakosninga 26. júní nk. og kosning kjörstjórnar.

Kjörskrá fyrir forsetakosningar 26. júní 2004.

Lagður fram stofn að kjörskrá fyrir Vopnafjarðarhrepp, sem unnin hefur verið af Hagstofu Íslands. Samkvæmt kosningalögum 1. mgr. 1. gr. laga nr. 9/2004 miðast kjörskrár við skráð lögheimili í sveitarfélagi eins og það er samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Óheimilt er því að breyta kjörskrá ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist þjóðskrár fyrir þennan tíma. Breytingar á lögheimili eftir viðmiðunardaginn leiða því ekki til breytinga á kjörskrá. Sveitarstjórn er við samningu kjörskrár þannig bundin við skráningu á íbúaskrá þjóðskrár 5. júní 2004 að því er varðar staðsetningu í sveitarfélag. Alls eru 560 á kjörskrá Vopnafjarðarhrepps fyrir forsetakosningar 2004, þar af eru 297 karlar og 263 konur.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir framlagða kjörskrá fyrir forsetakosningar 26. júní 2004 með 7 atkvæðum, eins og hún liggur fyrir og felur sveitarstjóra að undirrita hana.

Næst var tekin fyrir kosning í kjörstjórn, vegna komandi forsetakosninga.

Fram kom tillaga um eftirtalda:

"Aðalmenn: Baldur Kjartansson, Svanborg Víglundsdóttir og Sigríður Edda Wíum Guðmundsdóttir

Varamenn: Hrafnhildur Helgadóttir og Reynir Árnason"

Fyrirliggjandi tillaga var samþykkt með 7 atkvæðum.

6. mál. Samkomulag um rekstur upplýsingamiðstöðvar 2004.

Lagður fram samningur milli Vesturfarans og Vopnafjarðarhrepps um rekstur á upplýsingamiðstöð í Kaupvangi sumarið 2004. Nokkrar umræður urðu um málið. Fyrirliggjandi drög að samningi síðan samþykkt með 7 atkv.

7. mál. Slysavarnarsveitin Vopni-Örn bréf dags. 3. júní sl., varðandi styrk. Sveitarstjóra og oddvita falið að ræða við bréfitara og gera tillögu að afgreiðslu málsins.

8. mál Ýmis mál og fundargerðir.

a) Bréf dags. 10. júní sl., frá félagsmálaráðuneytinu, þar sem boðað er til fundar á Hótel Tanga mánudaginn 21. júní nk. með sveitarstjórnarmönnum Vopnafjarðarhrepps, Skeggjastaðahrepps og Þórshafnarhrepps, varðandi sameiningu sveitarfélaga.

Nokkur umræða varð um þetta og voru sveitarstjórnarmenn hvattir til að mæta á fundinn.

9. mál. Kosning oddvita og varaoddvita.

Gengið var til kosninga um oddvita. Aðalbjörn Björnsson fékk 5 atkvæði og tveir greiddu ekki atkvæði.

Síðan gengið til kosninga um varaoddvita. Emil Sigurjónsson fékk 5 atkvæði og tveir greiddu ekki atkvæði.

Aðalbjörn Björnsson þannig kjörinn oddviti og Emil Sigurjónsson varaoddviti Vopnafjarðarhrepps.

Fleira ekki gert og fundi slitið.